



## **Aðalfundur 27. febrúar 2001 haldinn á sal Fjölbrautaskóla Suðurnesja kl. 20:00.**

### **Dagskrá:**

1. Fundarsetning.
2. a) Kosinn fundarstjóri.  
b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
4. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
5. a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar  
b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
7. Lagabreytingar sbr. 7. Gr. og 10. Gr.

### **Heiðursviðurkenningar**

#### **Verðlaunaafhending.**

Íþróttamenn deilda heiðraðir og síðan einn af þeim útnefndur  
ÍÞRÓTTAMAÐUR KEFLAVÍKUR 2000.

Kaffiveitingar (umsjón foreldraf. Sunddeildar).

8. Kosinn formaður.
9. Kosnir 4 menn í stjórn.
10. Kosnir 3 menn í varastjórn.
11. Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara.
12. Kosning fastra nefnda sem aðalfundur ákveður.
13. Ákveðið félagsgjald og ævifélagagjald.
14. Önnur mál.
15. Fundarslit.





## Skýrsla aðalstjórnar til aðalfundar

### Verkaskipting og fundir

Einar Haraldsson	formaður	sat 20	fundi
Kári Gunnlaugsson	v. formaður	sat 16	fundi
Þórður Magni Kjartansson	gjaldkeri	sat 20	fundi
Birgir Ingibergsson	ritari	sat 14	fundi
Hildur Kristjánsdóttir	meðstjórnandi	sat 15	fundi
Guðjón Axelsson	varastjórn	sat 14	fundi
Örn S. Jónsson	varastjórn	sat 08	fundi
Sveinn Adolfsson	varastjórn	sat 17	fundi

### Starfandi nefndir á vegum aðalstjórn:

<b>Ritnefnd:</b>	Einar Haraldsson, framkvæmdastjóri félagsins sér um útgáfumálin.
Markmið:	Sjá um útgáfu fréttabréfs, og jólablaðs.
<b>Samskiptanefnd:</b>	Skipuð einum fulltrúa úr hverri deild. Fulltrúi aðalstjórnar er Hildur Kristjánsdóttir sem er formaður
Markmið:	Samræma ýmis mál er skarast milli deilda, t.d. agamál, systkinaafslætti, fjáraflanir, vörukaup o.fl.
<b>Laganefnd:</b>	Magnús Haraldsson, Daði Þorgrímsson og Gísli H. Jóhannsson
Markmið:	Viðhalda lögum félagsins.

### Stjórnarfundir

Alls hélt stjórnin 20 bókaða fundi á árinu. Þar fyrir utan sátu stjórnarmenn ýmsa vinnufundi í tengslum við verkefni ársins. Stjórnarmenn hafa líka skipt með sér verkum og verið tengiliðir við starfandi nefndir. Fastur fundartími aðalstjórna hefur verið annan hvern fimmtudag frá kl. 18:00-20:00. Varafulltrúar hafa verið mjög duglegir að mæta á fundina eins og sjá má hér að framan, og hafa þeir tekið virkan þátt í störfum aðalstjórnar og ákvarðanatöku. Það hefur líka verið ánægjulegt hversu viljugir varamenn hafa verið að taka að sér verkefni og hversu þeir eru vel meðvitaðir um framvindu mála hjá félaginu. Stjórnarfundir eru ætíð opnir deildum félagsins og hefur stjórnin hvatt forystumenn deilda til þess að nýta sér það að flytja mál sín í upphafi stjórnarfunda. Umræður hafa verið málefnalegar á stjórnarfundum og starfsandi góður.





## Störf aðalstjórnar

---

27. mars hélt félagið fyrirlestur í Heiðarskóla með yfirskriftinni Foreldrar barna í íþróttum og var Jóhann Ingi Gunnarsson íþróttasálfræðingur fengin til þess að vera með fyrirlesturinn. Það er skemmt frá því að segja að húsfulli var og heppnaðist fyrirlesturinn í alla staði vel. (121 foreldri)

Framkvæmdastjóri félagsins sótti samráðsfund Ungmennafélags Íslands sem haldinn var í Reykjavíki í Mývatnssveit daganna 13. og 14. maí.

23. maí var boða til fundar vegna umsóknar Keflavíkur til að halda landsmót 2004 í Reykjanesbæ til fundarins komu þeir Þórir Jónsson og Sigurbjörn Gunnarsson frá UMFÍ. Fulltrúar stjórnarmálaflokkanna þau Skúli Þ Skúlason, Jónína Sanders og Jóhann Geirdal. Frá aðalstjórn félagsins þeir Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson og Þórður Magni Kjartansson.

Eins og undanfarin ár stóð félagið ásamt UMFN að dagskrá hátíðarhaldanna 17. júní og var gerður samningur við tómsunda- og íþróttaráð um framkvæmdina. Einar, Kári og Birgir báru hita og þunga af undirbúningnum hjá félaginu. Einar Haraldsson var framkvæmdastjóri 17. júní nefndar. Þetta verkefni er komið í tiltölulega fastar skorður og hafa umsjónarmenn okkar lagt ríka áherslu á gott samstarf við UMFN og þá aðila hjá bænum sem tengjast málinu.

Tómsunda og- íþróttaráð gerði samning við aðalstjórn félagsins um að starfrækja íþróttta- og leikjaskóla. Var skólinn starfræktur sjötta árið í röð með svipuðu sniði og áður. Umsjónarmaður hans var Einar Haraldsson. Mikill metnaður hefur verið lagður í undirbúning og framkvæmd skólans. Sú vinna skilaði sér í mikilli aðsókn og almennri ánægju foreldra. Strax að loknu starfinu s.l.sumar var unnin vegleg skýrsla um starfsemina. Má geta þess að farið er að gera talsverðar kröfur til okkar eins og að koma til móts við fatlaða einstaklinga, þó er ljóst að huga þarf að þessu í undirbúningnum.

Fulltrúar aðalstjórnar sátu ársþing Íþróttabandalags Reykjanesbæjar sem haldið var 31. júlí 2000 á Hótel Keflavík.

Á stjórnarfundum 14. september 2000 var Sigursteini Snorrason heimilað að fara af stað með tækwondodeild innan Keflavíkur fram að næsta aðalfundi félagsins.

Framkvæmdastjóri félagsins sótti sambandsráðsfund UMFÍ haldinn 14. og 15. október 2000. Egilstöðum.

## Formannafundir

---

Formannafundirnir voru að þessu sinni tveir og voru haldnir 9. október, 2000 og 6. febrúar 2001.

Á fundinn 9. október voru mættir forystumenn frá aðalstjórn og frá flestum deildum félagsins. Farið yfir stöðu og starfsemi deilda. Forgangsröðun félagsins á uppbyggingu á íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar til 2004. Fundurinn samþykkti að halda áfram með þá stefnu sem félagið væri búið að móta sér. Fyrirlestur fyrir stjórnarfolk og þjálfara. Landsmót á Egilstöðum 12.-15. júlí 2001. Undir liðnum önnur mál kom formaður körfuknattleiksdeildar Hrannar Hólm inn að gólflið í íþróttahúsinu við Sunnubraut væri orðið hættulegt fyrir íþróttafólkið og bærinn þyrfti að huga að endurnýja það (parket). Einar sagði frá sameiginlegu verkefni Keflavíkur og Njarðvíkur varðandi Skinnfaxes sem er blað Ungmennafélags Íslands.

Á fundinn 6. febrúar 2001 voru mættir aðalstjórn félagsins og forystumenn frá flestum deildum sem gerðu grein fyrir stöðu deilda og helstu atriðum í starfseminni. Formaður félagsins óskaði eftir því við deildir að þær skili inn félagatali og skipan stjórnar. Landsmót Egilstöðum 12. - 15. júlí 2001 aðalstjórn hvetur deildir til að senda öflugt lið til keppni. Umsókn Keflavíkur til að halda Landsmót 2004 í Reykjanesbæ til umræðu. Formaður sagði frá aðalfundi félagsins sem ákveði er að halda 27. febrúar, 2001. Heimsókn frá Ungmennafélagi Ísland þeir Valdimar Gunnarsson sem kynnti starfsemi UMFÍ og Jóhann Haukur Björnsson sem kynnti fyrir okkur leiðtogaskólann og fékk hann góðar undirtektir. Undir liðnum önnur mál var rætt um félagsaðstöðu og um starfsemi UMFÍ.



## Útgáfumál

---

Deildir hafa aukið upplýsingar til foreldra með sjálfstæðum fréttabréfum og er það hið besta mál. Einar Haraldsson framkvæmdastjóri félagsins hefur haft veg og vanda að útgáfu 17. júní dagskrár og jólablaði félagsins. Jólablaðið kom út í desember og var stjórnin ánægð með útkomuna. Jólablaðið undirstrikaði viðtæka starfsemi félagsins. Blaðinu var dreift í öll hús í Keflavík. Keflavík er með heimasíðu á internetinu. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, og allar deildir þess. Rétt er að geta þess að síða körfuknattleiksdeildar er mjög góð og notast íþróttafréttamenn við hana við fréttáflutning sinn. Fundagerðir aðalstjórnar eru settar inná heimasíðuna undir aðalstjórn. Slóð heimasíðunnar er; [hppt://www.keflavik.is](http://www.keflavik.is). Rafrænan póst til félagsins á að senda á [keflavik@keflavik.is](mailto:keflavik@keflavik.is)

## Bæjaryfirvöld

---

Aðalstjórn hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld. Þau tækifæri sem félagið hefur haft til þess að bera upp erindi sín hefur verið vel tekið enda er bæjarfulltrúum vel ljóst hversu mikilvæg starfsemi íþróttahreyfingarinnar er í samfélaginu. Félagið hefur sent nokkur erindi á árinu, flest hafa fengið farsæla lausn. Erindi sem nú er til skoðunar hjá bæjaryfirvöldum er gólf efni á A-sal Sunnubrautar, félagsheimili og félagsaðstaða Keflavíkur. Reykjanesbær "Íþróttabær" er stefnumörkun sem þarf að endurspegla sameiginlegan vilja íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda, enda líklega unnin með hliðsjón af markmiðum ÍSÍ og menntamálaráðuneytisins.

## Framkvæmdastjóri

---

Einar Haraldsson er í 100% starfi sem framkvæmdastjóri Keflavíkur og hefur gegnt því starfi síðan 1. maí 1999. Reynslan sýnir að það sé nauðsynlegt að vera með framkvæmdastjóra í fullu starfi. Deildum félagsins stendur til boða að láta framkvæmdastjórnann færa bókhaldið og reikna laun. Í dag eru það aðeins tvær deildir sem nýta sér þessa þjónustu. Auk þess hefur framkvæmdastjóri verið deildum innan handar við við hin ýmsu verkefni.

## Unglingalandsmót UMFÍ Tálknafirði 4.-6. Ágúst 2000

---

Aðalstjórn félagsins kynnti á formannafundi 15. febrúar 2000 unglíngalandsmót UMFÍ fyrir formönnum deilda félagsins, og hvatti hún formenn deilda að kynna þetta í sýnum deildum. Unglíngalandsmótið var haldið um Verslunarmannahelgi og er það nýbreytni og stefna mótshaldara er að gera þetta að fjölskylduhátíð. Það er skemmst frá því að segja að engin keppandi frá Keflavík fór á mótið sem er miður.

## ÍRB

---

ÍRB einbeitti sér að samskiptum við íþróttaráð og einstökum verkefnum. Þar er líka nauðsynlegur samstarfsvettvangur til samræmingar milli félaganna. "Reykjanesbær á réttu róli" er þó viðamesta verkefni bandalagsins og íþróttahreyfingunni til sóma. Eitt stærsta vandamál ÍRB var Keilusalurinn í Keflavík, en bandalagið tók við eignum og skuldum Keilufélags Suðurnesja. Á meðan ÍRB var að glíma við að borga skuldir keilusalarins voru engar lottógreiðslur til aðildafélaganna. ÍRB komst að samkomulagi við Keflavíkurverktaka að þeir leystu til sín keilubrautirnar og féllu frá frekari kröfum á hendur ÍRB, en áður hafði ÍRB fengið rekstaraðila til að reka salinn en því miður gekk það ekki upp. Á síðasta þingi bandalagsins var kosin ný stjórn. Stjórn bandalagsins er skipuð Ólafi Thordersen formanni, Einari Haraldssyni varaformanni, Ásdísi Jakobsdóttur gjaldkera, Kristbirni





Albertssyni ritara og Ásgeiri Eiríkssyni meðstjórnanda, varamenn eru þeir Hafstein Ingibergsson og Jón Ólsen. ÍRB stóð fyrir kjöri á íþróttamanni Reykjanesbæjar 2000 og fór kjörið fram í íþróttahúsinu í Njarðvík á gamlársdag síðast liðnum. Fyrir valinu varð Íris Edda Heimisdóttir sunddeild Keflavíkur í öðru sæti Teitur Örylgsson körfuknattleiksdeild Njarðvíkur og í þriðja sæti Jóhann Kristjánsson Nes. Íslandsmeistarar Reykjanesbæjar voru heiðraðir. Þeir Hörður Guðmundsson og Hólmgeir Guðmundsson voru heiðraðir fyrir margra áratuga starf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

### Badmintondeild

---

Stjórnin er skipuð Sesselju Birgisdóttur formanni, Jóni Ingiberg Kristjánssyni varaformanni, Dagbjörtu Ýr Gylfadóttur gjaldkera, Guðríður Walderhaug ritara og Dagbjörtu H. Guðmundsdóttur meðstjórnenda. Varamenn Vilborg Jóhannesdóttir og Jónas Þorsteinsson. Í janúar 2000 var keppt á Gríslingamóti á Akranesi sem er mót fyrir yngstu keppendurnar. Farið var með 12 fulltrúa á Íslandsmeistaramót unglings og komið heim með 8 verðlaun nokkuð góður árangur það. Tveir Íslandsmeistarar litu dagsins ljós en þær eru Gunnunna Gunnlaugsdóttir í U-17 og Ásthildur Gísladóttir í U-13. Eins og undan farin ár þá var haldið Sparisjóðsmót í nóvember en 80 keppendur tóku þátt. Hið árlega fjölskyldumót var haldið milli jóla og nýárs. Vinabæjarmót í badminton verður haldið í Reykjanesbæ í júní 2001 og sér deildin um ýmis verkefni sem við koma mótinu. Þjálfari er Sigurður Þorsteinsson.

### Fimleikadeild

---

Stjórnin er skipuð Sigurbjörgu Guðmundsdóttur sem formanni, Rannveigu Arnardóttur varaformanni og ritara, Hafdís K. Friðbjörnsdóttur gjaldkera, Guðríði Sigurðardóttur og Ólafi Ingibergssyni meðstjórnendum. Varastjórn, Guðrún Sigurðardóttir, Guðmunda Sigurðardóttir og Ragnheiður Ólafsdóttir. Á síðasta ári störfuðu 18 þjálfara auk þriggja aðstoðarþjálfara. Nýr þjálfari kom sem er Hvít Rússi og heitir Sergei Hubski. Haldin voru tvö mót á árinu auk æfingamóta. Vorsýning var haldin þann 18. maí. Jólasýning var haldin þann 16. desember. Deildin stóð fyrir sumarnámskeiði í júní. Í ágúst var farið í æfingarbúðir. Nokkrar stúlkur sóttu þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ. Deildin eignaðist þrjá Íslandsmeistarar á árinu. Deildin æfir í B- sal í íþróttahúsinu við Sunnubraut og voru æfingardagar 280. Bygging gryfju við B- salinn á vera tilbúinn í haust 2001 með tilkomu gryfjunnar þá þarf ekki lengur að sækja æfingar út fyrir byggðarlagið.

### Keiludeild

---

Á aðalfund keilunnar mættu þeir Ingiber Óskarsson formaður keiludeildar og Einar Haraldsson formaður félagsins. Staða keilunnar er ekki góð hvað varðar aðstöðu. Aðstaða til iðkunar á íþróttinni í bæjarfélaginu er engin og því er erfitt og kostnaðarsamt að stunda þessa íþróttagrein í Reykjanesbæ og líklegt að hún heyrir sögunni til á meðan ekki er aðstaða til iðkunar. Tveir unglingar voru valdir í unglingslandslíðið en þetta eru þeir Eiríkur Björgvinsson og Atli Þór Annelsson. Deildin á tvo Íslandsmeistarar.

### Knattspyrnudeild

---

Formaður er Rúnar Arnarsson, Þorsteinn Magnússon varaformaður, Sævar Pétursson gjaldkeri, Birgir Runólfsson ritari og Jón Ólsen meðstjórnandi. Varamenn Elvar Gottskálksson, Elís Kristjánsson og Erlingur Hannesson. Allir flokkar okkar karla og kvenna tóku þátt í þessum hefðbundnum mótum svo sem Íslandsmóti, Faxaflóamóti auk sérmóta. Deildin hélt nokkur mót. Einn Íslandsmeistaratitill vannst á árinu en það var annar flokkur karla. Nokkrir Keflvíkingar léku landsleiki á árinu og fjölgaði þeim



töluvert frá árinu áður. Þetta eru Snorri Birgisson U-16, Brynjar Örn Guðmundsson og Magnús Þorsteinsson U-18, Þórarinn Kristjánsson og Guðmundur Steinarsson U-21 og Gunnleifur Gunnleifsson A-landsliði. Árangur meistaraflokks var ekki sá sem menn lögðu upp með. Þjálfaraskipti urðu hjá deildinni á tímabilinu. Rekstur deildarinnar er þungur og fjárhagsstaðan erfið. Nokkrir Keflvíkingar sem hafa verið í atvinnumennskunni erlendis hafa snúið aftur heim og ákveðið að leika á ný með Keflavík og er það án efa mikill liðstyrkur. Keflavík var með sameiginlegt lið í meistaraflokki og 2. flokki kvenna með Reynir Sandgerði og Víðir í Garði þjálfari er Lóa Gestsdóttir. Keflavík var með 3. 4. og 5. flokk kvenna sem tóku þátt í hinum ýmsu mótum og var árangurinn ágætur. Framkvæmdasamningur varðandi lagfæringar á æfingasvæðinu við Íðavelli er í fullum gangi. Með tilkomu Reykjaneshallarinnar horfa knattspyrnumenn framtíðina björtum augum og vonandi innan fárra ára verður Keflavík á toppnum á ný í knattspyrnu.

### Körfuknattleiksdeild

Ný stjórn var kjörin í lok síðustu leiktíðar í maí 2000. Stjórnin er skipuð Hrannari Hólmi formanni, Birgi Bragasyni varformanni, Guðsveini Ólafi Gestssyni gjaldkera, Erlu Sveinsdóttur ritara, og Rúnari Georgssyni meðstjórnanda varamenn Þorgrímur Árnason, Lóa Gestsdóttir og Kristín Kristjánsdóttir en Kristín sér um unglingsstarf. Árangur deildarinnar er mjög góður en 103 einstaklingar í hinum ýmsu flokkum urðu annað hvort Íslandsmeistarar eða bikarmeistarar eða hvort tveggja. Minni bolti kvenna Íslandsmeistarar. Stúlknaflokkur Íslands- og bikarmeistarar. Unglingaflokkur kvenna Íslands- og bikarmeistarar. Fyrsti flokkur karla Íslandsmeistarar. Unglingaflokkur karla Íslandsmeistarar. Minnibolti 11 ára drengja Íslandsmeistarar. Árangur meistaraflokks kvenna var ágætur en þær urðu Íslands- og bikarmeistarar. Mikil breyting hefur verið á leikmanna hópi þeirra en þær eru nú í úrslitum í bikarnum og eru á toppi deildarinnar í dag. Árangur meistaraflokks lofar góðu þrátt fyrir vonbrigðin að komast ekki í úrslitaleikinn í bikarnum. Enn fjölgar Keflvíkingum sem spilað hafa með Íslenska landsliðinu í körfu en þeir eru Magnús Þór Gunnarsson og Jón H Hafsteinsson sem voru að spila sína fyrstu landsleiki í vetur. Unglingastarfið hefur haldið sínu striki. Iðkendur hafa aldrei verið fleiri og Keflavík sendir lið til keppni í fleiri flokkum en nokkurt annað félag. Þjálfarar eru vel menntaðir. Starfsemi deildarinnar er mjög umfangsmikil og tók nýja stjórnin við erfiðu búi en hefur gert stórt átak í að laga stöðu deildarinnar og eiga stjórnarmenn þakkið skildar fyrir það. Deildinni vantar tilfinnalega meira af áhugasömu fólki til starfa fyrir deildina. Heimasíða deildarinnar er til mikillar fyrirmyndar og er stór glæsileg og uppfærð reglulega þar er að finna allar upplýsingar hvað er að gerast hjá deildinni. Heyrst hefur að íþróttafréttaritarar far inn á síðuna til að ná sér í efni. Deildin er með aðstöðu í kjallara Sundmiðstöðvar við Sunnubraut þar sem gögn og munir eru geymdir

### Skotdeild

Stjórnin er skipuð Árna Leifssyni formanni, Bjarna Kristmundssyni varaformanni, Árna Pálssyni gjaldkera, Sverrir Hafsteinsyni ritara og Magnúsi Hafsteinsyni meðstjórnanda. Varamenn Sólrún Jensdóttir, Geir Gunnarsson, Sveinbjörn Guðmundsson og Gunnlaugur Hafsteinsson. Fjármál deildarinnar eru erfið eftir smáþjóðaleikana 1997 sem fram fóru í Höfnum í Heiði og íþróttahúsinu í Njarðvík. Stjórn deildarinnar vinnur að því að koma fátægum í lag. Haldinn voru fjögur skotmót á vegum deildarinnar. Æfingar voru tvisvar í viku. Aðstaða deildarinnar er einstök á landinu og þó víða væri leitað. Fjölgun er í deildinni. Deildin er með heimasíðu.

### Sunddeild

Halldór Þórólfsson formaður, Einar Magnússon varaformaður, Bjarney Snævarsdóttir gjaldkeri Hafðis Guðlaugsdóttur ritari og meðstjórnandi Heimir Sigursveinsson. Varamenn Niels Hermannsson, Halldóra Magnúsdóttir og Sigríður B. Björnsdóttir. Á síðasta ár urðu þjálfaraskipti hjá sunddeildinni en þá fór Eðvarð Þór til Danmerkur til að þjálfar og einnig hætti Ólafur Þór Gunnlaugsson en tók að sér að sá um börn frá eins árs til sex ára aldurs. Nýir





Þjálfarar komu en ráðin var þjálfari frá Kanada Paul Edvard Meronen og Hrafnhildur Guðmundsdóttir. Á AMÍ sem haldið var á Akureyri hafnaði deildin í öðru sæti og á bikarmótinu þá hafnaði deildin í þriðja sæti. Sunddeildin átti tvo ólympíufara á Ólympíuleikanna í Sídney Ástralíu. Þær Eydís Konráðsdóttir og Íris Edda Heimisdóttir

### Taekwondodeild

---

Aðalstjórn félagsins veitti leyfi fyrir rekstri á taekwondo 14. september 2000 og fram að aðalfundi félagsins. Æfingar eru tvisvar í viku. Æfingar fara fram í sal í kjallara Sundmiðstöðvar við Sunnubraut. Mikill fjöldi stundar nú þessa íþrótt og segja má að áhuginn sé miklu meiri en menn þorðu að vona. Sigursteinn Snorrason er í forsvari fyrir deildina.

**Aðalstjórn vill þakka öllum velunnurum félagsins, stjórnarmönnum deilda og foreldrum fyrir dugnað og fórnfúst starf til eflingar íþróttastarfsins.**





**Íslandsmeistarar Keflavíkur 2000 - samkvæmt upplýsingum deilda.**

**Sunddeild:**

Eva Dís Heimisdóttir  
Íris Edda Heimisdóttir  
Sunna Pétursdóttir  
Díana Ósk Halldórsdóttir  
Birkir Már Jónsson  
Jón Gauti Jónsson  
Garðar Eðvaldsson

**Keiludeild:**

Eiríkur Björgvinsson  
Íris Dröfn Bjarnadóttir

**Fimleikar:**

Heiðrún Rós Þórðardóttir  
Helga Heiðís Sölvadóttir  
Íris Ósk Skarphéðinsdóttir

**Badmintondeild:**

Ingunn Gunnlaugsdóttir  
Ásthildur Gísladóttir

**Körfuknattleiksdeild:**

Meistaraflokkur kvenna Íslands- og bikarmeistarar  
Unglingaflokkur kvenna Íslands- og bikarmeistarar  
Stúlknaflokkur Íslands- og bikarmeistarar  
Minnibolti kvenna Íslandsmeistarar  
Fyrsti flokkur karla Íslandsmeistarar  
Unglingaflokkur Íslandsmeistarar  
Minnibolti 11 ár drengja Íslandsmeistarar

**Knattspyrnudeild:**

Annar flokkur karla Íslandsmeistarar